

Siglingastofnun Íslands  
Sigurður Sigurðarson  
Vesturvör 2  
200 Kópavogur

2002120051  
8200; 9310

Reykjavík, 17. janúar 2003  
/ÞFB

**Efni: Sjóvarnargarður framan við þéttbýlið á Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg.  
Ákvörðun um matsskyldu**

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 11. desember 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt lagfæring á sjóvarnargarði fyrir framan byggðina á Stokkseyri samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Árborgar, Fornleifaverndar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnun).

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Árborg með bréfi dags. 9. janúar 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 2. janúar 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. janúar 2003. Svör bárust frá Siglingastofnun með tölvupósti dags. 16. janúar 2003.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd**

Um er að ræða lagfæringu á sjóvarnargarði framan við þéttbýlið á Stokkseyri þ.e. styrkingu milli Íragerðis 14 og Hásteinsvegjar 18 á um 130 metra kafla og er efnisþörf (kjarni og flokkað grjót) um 1700 m<sup>3</sup>. Garðurinn á þessu svæði er með veikari grjótvörn og lægri heldur en vörnin sem er sitt hvorum megin við. Hæð á sjóvörn er áætluð +9,0 m. Fyrirhugað er að taka efni úr grjótnámu í landi Hrauns í Ölfusi. Fjörur við Stokkseyri eru á náttúruminjaskrá og verður tekið tillit til þess við framkvæmdir.

**ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

Sveitarfélagið Árborg telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum þar sem um er að ræða styrkingu eldra mannvirkis eða endurbætur á því og efnið tekið úr gamalli námu. Fornleifavernd ríkisins bendir á að um styrkingu á sjóvarnargarði frá síðari hluta 20.

aldar er að ræða og að eldri sjóvarnargarðar muni ekki vera á framkvæmdasvæðinu. Því telji stofnunin óþarft að framkvæmdin verði háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur að þar sem um sé að ræða endurgerð og viðbót við garð sem fyrir er sé ekki líklegt að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif og þar sem hún sé ofan fjöru, sem er á náttúruminjaskrá, sé ekki ástæða til að ætla að fjörunni verði raskað. Stofnunin bendir á að leita þurfi umsagnar hennar skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmdinni þar sem framkvæmdasvæðið sé á náttúruminjaskrá.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða ræða lagfæringu á sjóvarnargarð fyrir framan þéttbýlið á Stokkseyri, Sveitarfélaginu Árborg, á um 130 metra kafla milli Íragerðis 14 og Hásteinsvegar 18. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd mun taka til afmarkað svæðis og mun ekki hafa verulegt rask á fornminjum og náttúruminum í för með sér.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð lagfæring á sjóvörn fyrir framan þéttbýlið á Stokkseyri, í Sveitarfélaginu Árborg, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Sjóvörnin er í samræmi við gildandi aðalskipulag. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Árborg skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 17. febrúar 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Sveitarfélagið Árborg, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun